Sjónþing


# Benda vísinda og lista

**Nýtt Helgarblað ræddi við fjöllistamanninn Bjarna H. Þórarinsson á spyrjólsdegi um nýjar uppgötvanir hans á sviði sjónháttarfræði. Talið barst einnig að kristalheimspeki, vísitungumálafræði og lífvísunarfræði.**

–Ég hef verið að velta fyrir mér rósinni síðastliðin tvö ár eða svo. Þetta er allt rósin, segir Bjarni og bendir á verk þau sem hanga nú uppi í Gallerí 1 1 við Skólavörðustíg 4a. Sjónþingið var sett fyrir tæpri viku og stendur til 4. október.

–Ég ætla að hefja viðtalið á því að leggja grunninn að kristalheimspekinni áður en ég útskýri rósina.

Grunnurinn er þessi: Númer eitt, tilveran áttar sig og vekur vitund. Númer tvö, tilveran þáttar sig og hvetur kynjun. Númer þrjú, tilveran máttar sig og gefur líf eða tilvist. Númer fjögur, tilveran dráttar sig og skapar skynjun. Og að lokum, númer fimm, tilveran háttar sig og tekur tjáning: Í efni, anda, sálu, geði, rými, þunga, massa, hraða, tíma o.s.frv. eins langt og þú kemst. Ég er að vísu kominn frekar skammt áleiðis í kristalheimspekinni, en ég tel að þarna sé kominn prýðilegur grunnur að henni.



Bjarni H. Þórarinsson flytur svonefnd oj-apa-ljóð, nýtt ljóðform sem felst í spuna á óræðri tungu og hreyfingum. Mynd: Kristinn.

## Heimsmyndin er margbent

Snúum okkur þá að rósinni, sem er viðfangsefni þessa þings. Höfuðþungamiðja tilverunnar kemur fram í miðju rósarinnar. Í boganum í miðjunni. Bogi er ein merking orðsins benda. Höfuðþungamiðjan á tilverunni er miðill, t.d. fjölmiðill. Á fyrra þingi mínu í Nýlistasafninu fyrir tveimur árum kynnti ég einbendu, tvíbendu og þríbendu. Nú kem ég með nýjar bendur og hugsanlega þrjú ný frumform sem ég er að glíma við að prófa. Þessar nýju bendur eru: hringbenda, kringbenda og krossbenda, sú síðastnefnda kemur hér fyrir í stöngli rósarinnar, en ég er ekkert byrjaður að vinna með hana sem heitið getur. Fimmta bendan er síðan fjölbenda eða margbenda. Það er náttúrlega heimsmyndin, sem er margbent. Hún er fjölbenda. Mig langar að koma inn á það hvað orðið benda þýðir. Benda getur þýtt að spenna boga, og óreiðu. Benda er skylt orðinu bönd, bundið saman, og getur auk þess merkt safnþyrping eða samsafn. Það má finna fleiri merkingar en látum þessar duga, þetta er ágætisorð. Jón Sigurðsson forseti notaði það í Nýjum félagsritum og Jón Thoroddsen í riti, sem ég man ekki nafnið á. Orðið var gjarnan notað þegar greiða þurfti úr lögfræðilegum ágreiningsmálum, leysa úr bendu þeirri.

Nú, það sem gerist á þessu þingi, svo ég útskýri rósina sjálfa, þá er ég að kynna nýja myndlistarstefnu, svonefnda vísíólist, fyrstur Íslendinga. Ég er að leggja fram nýja sjálfstæða stefnu í myndlist og hún er unnin á þennan hátt, meðal annars. Í þessari nýju listgrein verður kjarnasamruni myndvísi ritvísi og málvísi. Rósin er upphafið að þessum samruna. Og af því að þetta er mynd þá má lesa ýmislegt út úr henni. Sá ágæti maður Björn Th. Björnsson kom hingað og honum fannst þetta minna á list herúla, búlgverskt fyrirbrigði, og sjálfum finnst mér þetta vera með arabísku og jafnvel japönsku yfirbragði. Myndirnar eru a.m.k. unnar með japönsku efni.

## Í huglægri þríbendu

Svo ég útskýri bendurnar frekar þá erum við stödd hér í huglægri þríbendu í þessu viðtali. Þingið sjálft er þingbenda að sjálfsögðu.

Neðst í rósinni má sjá eins konar mýs eða grágæsir. Þær eru tákn fyrir dýraríkið, og í því sambandi gæti ég sagt þér frá vísitáknfræði sem er enn ein greinin sem ég er að fást við. Þegar ofar dregur koma tákn fyrir manninn. Krossbendan í stönglinum er óútfyllt af því að ég geng út frá því að maðurinn búi ekki eingöngu yfir þekkingu, heldur hafi hann hæfileika til að týna niður þekkingu og uppgötva nýja þekkingu. Efst er náttúruríkið og tákn þess er eins konar blómstrun. Hún táknar fjölbreytileika þess, fjölkynngi þess, eða fjölbendu þess. En nú tala ég út frá vísitáknfræði. Í rósahnappnum eru hin svonefndu vísihandrit. Ég er að þróa aðferð til að búa til ný íslensk handrit. Að þessu sinni vann ég þau með bleki á pappír, en ég gæti eins hafa unnið þetta á skinn eða eitthvað annað, mig langar til þess að þróa þetta út í önnur efni síðar meir. Í springbendunni, inni í hnappnum, geri ég ráð fyrir stuðli. Í þessari rós nota ég stuðulinn slátt. Hér glittir í enn eina grein sem ég er að fást við að þróa, vísitungumálafræði, sem verður líklega uppistaðan í næsta þingi hjá mér. Þetta þing er mestmegnis unnið út frá tt-lykli, eða tti-lykli, eftir því í hvaða kyni maður er staddur. Þetta eru eins konar tungumálalyklar sem ég er að þróa. Ég byrja hérna í hvorugkyni, en því má bæta við að ég er búinn að finna upp aðferð til að draga upp óákveðinn og ákveðinn greini og sýna fram á það sjónrænt hvernig greinarnar virka. Það er náttúrlega fyrst og fremst táknrænt, og táknið er eins konar hringur. Hvorugkyn, eða stofnkyn eins og ég kýs frekar að kalla það, kemur fyrir í fyrsta vísinum. Númer eitt er stofnkyns óákveðinn, númer tvö karlkyns óákveðinn, númer þrjú kvenkyns óákveðinn. Síðan koma fleirtölumyndirnar af kynjunum, o.s.frv. Ekki er gott að útskýra þetta í stuttu máli og nauðsynlegt fyrir menn að berja þessi nýju íslensku handrit augum á sýningunni. En segja má að hér sé ég kominn inn á enn eina greinina sem er lífvísunarfræði. Það er að segja þetta er eins konar benduástand, miðast við það hverjir skoða hlutinn.


## Lífsspekiformúlur

–Enn er ekki allt talið. Inn í þetta fléttast einnig tímaþátturinn. Við lifum í fleiri en einum tíma, og ég er ekki einn um þá skoðun. Orðin rétt og rangt í rósinni tákna að við séum uppi á réttum eða röngum tíma. Ég á að vísu eftir að vinna nýja rós fyrir kristalheimspekina, og hún verður fullkomnari en þessi og auðskildari. Þetta eru eins konar lífsspekiformúlur sem eru hérna uppi á veggjunum. Umgjörð rósarinnar er kringbenda, samtals fer hún upp í tölurnar 48, útskýringin felur það í sér. Fyrir mér eru tölur hvorki helgar né vanhelgar. Tölur eru bara góðar til síns brúks.

Nú legg ég höfuðáherslu á að kynna þessa nýju aðferð til að búa til ný íslensk handrit og sjónræna þáttinn við myndlist, ég vil ekki flækja þetta allt of mikið. Mikilvægt er að hafa í huga eftirfarandi frásögn:

Einu sinni var maður, hvort hann rauk út úr húsi veit ég ekki en hann uppgötvaði bragarháttinn. Nokkrum öldum fyrr eða síðar kom annar maður, og hvort hann rauk út úr húsi í ofsabræði veit ég ekki, en hann uppgötvaði tónháttinn. En ég veit það vegna þess að ég var sjálfur viðstaddur og til frásagnar um að sá maður sem þú ert að tala við núna rauk út úr húsi í ofsabræði og frávita af reiði og uppgötvaði sjónháttinn, sem ég held að sé undirstaðan að öllum mínum pælingum. Ég er að vísu hrifnari af notkun fleirtölumyndarinnar sjónhættir. Ég er meira gefinn fyrir að tala og hugsa í fleirtölu, þótt stundum sé eintalan alveg brúkleg til að útskýra hluti á einfaldan hátt. En tilveran er ekki síst í fleirtölu: Heimur af heimi og heimur um heim, frá heimi, til heims. Heimur í heimi og heimur upp úr heimi og heimur ofan í heimi og heimur hjá heimi. Heimur undan heimi og heimur aftan í heim og heimur upp undir heim og heimur ofan frá heimi og heimur og heimur o.s.frv.

Sjónþing Bjarna er opið kl. 14-18 alla daga og stendur öllum opið, til fróðleiks, visku, vísyndis og viðskipta. **BE**



Kristinn E. Hrafnsson við verkið Röst. Í verkinu segist hann fyrst og fremst vera að tefla saman andstæðum; strönguð dökku formi og leikandi hringformi. Þetta eru abstrakt staðir uppi á vegg. Mynd: Jim Smart.

# Áfangastaðir

## Kristinn E. Hrafnsson: Verkin eru niðurstaða skoðunar og skilgreiningar á náttúrunni

–Yfirskrift sýningar minnar sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum er Staðir vegna þess að hver einasti skúlptúr er staður út af fyrir sig, afmörkun á ákveðnu rými. Höggmyndir marka ákveðna staði í rými sem við staðnæmumst við, virðum fyrir okkur, einhverskonar áningarstaðir, segir Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari um rýmisverkin á fyrstu einkasýningu sinni.

–Meginþemu sýningarinnar eru þrjú: Orkan, tíminn og rýmið. Það er mjög nærtækt sem Íslendingur að fjalla um orkuna, hún er svo nátengd umhverfi okkar. Jarðorkan og krafturinn í eldgosum og landrekið hefur áhrif á líf okkar. Við nýtum okkur einnig þessa orku. Ég fór á sýninguna á verkum Kjarvals hér í húsinu og uppgötvaði þá að hann er að fjalla um það sama og ég. Landið, orkuna og rýmið frá hinu stærsta til hins smæsta. Ég nálgast viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni, en það var skemmtilegt að finna þennan skyldleika með okkur.

Myndlist er að mínu mati fyrst og fremst afrakstur hugsunar og á þess vegna samleið með heimspeki og vísindum. Allar þessar greinar fjalla um náttúruna og reyna að skilja hana. Verkin eru niðurstaða skoðunar og skilgreiningar á náttúrunni. Fagurfræði skiptir einnig máli. Ég legg einatt fagurfræðilegt mat á verk mín áður en ég skila þeim af mér. Ástæða þess að þrjú verkanna eru tileinkuð Heidegger er sú að hann skrifaði bók um listina og rýmið. Fyrir mig var það mikil opinberun að lesa hana. Ég öðlaðist nýjan skilning á rými og hvaða sannleikur opinberast í því. Það er þó alls engin forsenda fyrir menn að hafa lesið Heidegger áður en þeir sjá sýninguna. Nafngiftir skipta miklu máli, þær er lokapunktur á verkinu fyrir mig en upphafspunktur fyrir áhorfandann.

Sýningu Kristins á Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudag, hún er opin daglega kl. 11-19. **BE**